BARNAVERNDARSTOFA

# Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2016 - 2018

**2019**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á árunum 2016, 2017 og 2018. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á árunum 2016, 2017 og 2018.

**Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgaði um 2% á árinu 2018 miðað við árið á undan. Hins vegar fjölgar tilkynningum um 9,2% ef miðað er við árið 2016. Fjöldi tilkynninga á árinu 2018 var 10.177 tilkynningar. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði á árinu 2018 um 3,8%, en á landsbyggðinni fækkaði tilkynningum um 1,8% miðað við árið á undan. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á árinu 2018 voru vegna vanrækslu eða 41,5% tilkynninga. Hlutfall tilkynningar á árinu 2017 vegna vanrækslu var 38,3% og 39,4% á árinu 2016. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 25,4% á árinu 2018, 27,8% árið á undan og 28,3% á árinu 2016. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 32% á árinu 2018, 32,9% árið á undan og 31,4% á árinu 2016. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var um 1% öll árin.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu var 13,8% á árinu 2018, 12,3% árið á undan og 10,8% á árinu 2016. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 7,3% á árinu 2018, 8,4% árið á undan og 8,7% á árinu 2016.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 42,4% tilkynninga á árinu 2018, hlutfallið var 42,8% árið á undan og 43,9% á árinu 2016.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á árinu 2018 var 8.009 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 7.879 börn og 7.643 börn á árinu 2016. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

**Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fjölgaði á árinu 2018 úr 154 umsóknum í 174 umsóknir miðað við árið á undan. Umsóknir voru 155 á árinu 2016. Umsóknir um Stuðla voru 39 á árinu 2018 og fjölgaði miðað við árin á undan. Umsóknir um önnur meðferðarheimili (Laugaland og Lækjarbakka) voru 19 á árinu 2018, en 26 árin. Umsóknum um MST fjölgaði úr 92 í 116 umsóknir á árinu 2018. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Frá því í febrúar 2015 hefur þjónusta MST náð til alls landsins, en áður var þjónustusvæðið miðað við 60 min. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Flestar umsóknir um meðferð bárust frá landsbyggðinni eða 36,2%, en hlutfallið var 31% fyrir nágrenni

Reykjavíkur og í Reykjavík var það 32,8%. Fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur öll árin.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fækkaði á árinu 2018 úr 171 beiðni í 120 miðað við árið á undan. Beiðnir um fósturheimili voru 149 á árinu 2016. Beiðnum um tímabundið fóstur fækkaði mest eða úr 122 á árinu 2017 í í 67 beiðnir á árinu 2018. Flestar beiðnir bárust frá landsbyggðinni eða 39,2% á árinu 2018, en frá Reykjavík á árunum 2017 og 2016. Fleiri beiðnir bárust fyrir drengi en stúlkur öll árin.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum alls fjölgaði úr 233 á árinu 2017 í 236 á árinu 2018, en þau voru 235 á árinu 2016. Skýrslutökur fyrir dómi voru 128 á árinu 2018 en 117 árið á undan. Skýrslutökur voru 116 á árinu 2016. Skýrslutökum vegna kynferðislegs ofbeldis fjölgaði á árinu 2018 miðað við árið á undan eða úr 70 í 85, en þær voru 60 á árinu 2016. Frá því í mars 2015 hefur Barnahús einnig sinnt skýrslutökum og meðferð barna sem hafa upplifað líkamlegt ofbeldi og/eða heimilisofbeldi. Skýrslutökur vegna barna sem hafa upplifað líkamlegt ofbeldi og/eða heimilisofbeldi voru 43 á árinu 2018, 47 á árinu 2017 og 56 á árinu 2016. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fækkaði úr 116 á árinu 2017 í 108 á árinu 2018, en þau voru 119 á árinu 2016. Fjöldi barna sem fór í greiningar- og meðferðarviðtöl á árinu 2018 var 108 börn, en þau voru 134 árin á undan. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin.

Vistunum á lokaðri deild á Stuðlum fjölgaði úr 211 í 226 á árinu 2018 miðað við árið á undan. Vistanir voru 227 á árinu 2016. Vistunardögum fækkaði úr 1.349 dögum í 1.180 daga, en vistunardagar á árinu 2016 voru 1.329. Alls komu 83 börn á lokaða deild á árinu 2018, en 86 börn á árinu 2017 og 99 börn á árinu 2016.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fjölgaði miðað við árið á undan, voru 72 á árinu 2018, 60 á árinu 2017 og 76 á árinu 2016.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

# Tilkynningar til barnaverndarnefnda

## Fjöldi tilkynninga

| | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Barnaverndarnefnd** | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnaverndarnefnd Reykjavíkur | 4.119 | 44,2 | 4.244 | 42,5 | 4.401 | 43,2 |
| Fjölskyldunefnd Seltjarnarness | 52 | 0,6 | 57 | 0,6 | 106 | 1,0 |
| Barnavernd Kópavogs | 689 | 7,4 | 828 | 8,3 | 903 | 8,9 |
| Fjölskylduráð Garðabæjar | 313 | 3,4 | 319 | 3,2 | 309 | 3,0 |
| Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar | 1.047 | 11,2 | 1.120 | 11,2 | 1.115 | 11,0 |
| Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar | 533 | 5,7 | 598 | 6,0 | 478 | 4,7 |
| Félagsmálanefnd Grindavíkur | 58 | 0,6 | 68 | 0,7 | 46 | 0,5 |
| Fjölskyldu- og velferðarráð Suðurnesjabæjar og Voga | 225 | 2,4 | 227 | 2,3 | 190 | 1,9 |
| Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar | 196 | 2,1 | 306 | 3,1 | 299 | 2,9 |
| Barnaverndarn. Akraneskaupstaðar | 204 | 2,2 | 138 | 1,4 | 243 | 2,4 |
| Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala | 138 | 1,5 | 105 | 1,0 | 133 | 1,3 |
| Félagsmálanefnd Snæfellinga | 62 | 0,7 | 53 | 0,5 | 44 | 0,4 |
| Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum | 130 | 1,4 | 110 | 1,1 | 136 | 1,3 |
| Velferðarráð Vesturbyggðar og Tálknafjarðar | 8 | 0,1 | 15 | 0,1 | 18 | 0,2 |
| Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda | 25 | 0,3 | 23 | 0,2 | 18 | 0,2 |
| Félagsmálaráð A-Húnavatnssýslu | 65 | 0,7 | 71 | 0,7 | 90 | 0,9 |
| Barnaverndarnefnd Skagafjarðar | 23 | 0,2 | 36 | 0,4 | 40 | 0,4 |
| Barnaverndarnefnd Útey | 56 | 0,6 | 67 | 0,7 | 53 | 0,5 |
| Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar | 516 | 5,5 | 594 | 6,0 | 533 | 5,2 |
| Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga | 84 | 0,9 | 84 | 0,8 | 128 | 1,3 |
| Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar | 61 | 0,6 | 78 | 0,8 | 115 | 1,1 |
| Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar | 88 | 0,9 | 166 | 1,7 | 169 | 1,7 |
| Félagsmálanefnd Hornafjarðar[1] | 46 | 0,5 | 51 | 0,5 | 14 | 0,1 |
| Félagsmálanefnd Árborgar | 136 | 1,5 | 186 | 1,9 | 242 | 2,4 |
| Skólaþjónustu-og velferðarnefnd Árnesþings | 100 | 1,1 | 122 | 1,2 | 78 | 0,8 |
| Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu | 84 | 0,9 | 72 | 0,7 | 92 | 0,9 |
| Fjölsk-og tómstráð Vestmannaeyja | 260 | 2,8 | 235 | 2,4 | 184 | 1,8 |
| **Samtals** | **9.318** | **100,0** | **9.973** | **100,0** | **10.177** | **100,0** |

[1]Upplýsingar hafa ekki borist um fjölda tilkynninga frá Félagsmálanefnd Hornafjarðar fyrir allt tímabilið á árinu 2018

## Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

| Kyn | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 5.139 | 55,2 | 5.498 | 55,1 | 5.485 | 53,9 |
| Stúlkur | 4.103 | 44,0 | 4.390 | 44,0 | 4.590 | 45,1 |
| Ekki vitað[1] | 76 | 0,8 | 85 | 0,9 | 102 | 1,0 |
| **Samtals** | **9.318** | **100,0** | **9.973** | **100,0** | **10.177** | **100,0** |

[1] Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

| Landsvæði | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði[1] | 6.416 | 68,9 | 6.874 | 68,9 | 7.133 | 70,1 |
| Landsbyggð | 2.902 | 31,1 | 3.099 | 31,1 | 3.044 | 29,9 |
| **Samtals** | **9.318** | 100,0 | **9.973** | **100,0** | **10.177** | **100,0** |

[1]Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.



## Fjöldi barna sem tilkynnt var um[1]

| | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Barnaverndarnefnd** | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnaverndarnefnd Reykjavíkur | 3.165 | 41,4 | 3.009 | 38,2 | 3.121 | 39,0 |
| Fjölskyldunefnd Seltjarnarness | 51 | 0,7 | 53 | 0,7 | 85 | 1,1 |
| Barnavernd Kópavogs | 610 | 8,0 | 703 | 8,9 | 771 | 9,6 |
| Fjölskylduráð Garðabæjar | 271 | 3,5 | 282 | 3,6 | 277 | 3,5 |
| Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar | 877 | 11,5 | 885 | 11,2 | 909 | 11,3 |
| Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar | 457 | 6,0 | 495 | 6,3 | 405 | 5,1 |
| Félagsmálanefnd Grindavíkur | 52 | 0,7 | 62 | 0,8 | 40 | 0,5 |
| Fjölskyldu- og velferðarráð Suðurnesjabæjar og Voga | 190 | 2,5 | 199 | 2,5 | 174 | 2,2 |
| Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar | 172 | 2,2 | 266 | 3,4 | 260 | 3,2 |
| Barnaverndarn. Akraneskaupstaðar | 168 | 2,2 | 129 | 1,6 | 201 | 2,5 |
| Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala | 120 | 1,6 | 87 | 1,1 | 118 | 1,5 |
| Félagsmálanefnd Snæfellinga | 61 | 0,8 | 53 | 0,7 | 41 | 0,5 |
| Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum | 116 | 1,5 | 94 | 1,2 | 105 | 1,3 |
| Velferðarráð Vesturbyggðar og Tálknafjarðar | 8 | 0,1 | 14 | 0,2 | 18 | 0,2 |
| Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda | 25 | 0,3 | 23 | 0,3 | 18 | 0,2 |
| Félagsmálaráð A-Húnavatnssýslu | 60 | 0,8 | 62 | 0,8 | 76 | 0,9 |
| Barnaverndarnefnd Skagafjarðar | 21 | 0,3 | 33 | 0,4 | 35 | 0,4 |
| Barnaverndarnefnd Útey | 56 | 0,7 | 66 | 0,8 | 53 | 0,7 |
| Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar | 431 | 5,6 | 492 | 6,2 | 446 | 5,6 |
| Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga | 75 | 1,0 | 72 | 0,9 | 99 | 1,2 |
| Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar | 54 | 0,7 | 67 | 0,9 | 95 | 1,2 |
| Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar | 77 | 1,0 | 145 | 1,8 | 137 | 1,7 |
| Félagsmálanefnd Hornafjarðar | 44 | 0,6 | 41 | 0,5 | 14 | 0,2 |
| Félagsmálanefnd Árborgar | 125 | 1,6 | 173 | 2,2 | 215 | 2,7 |
| Skólaþjónustu-og velferðarnefnd Árnesþings | 93 | 1,2 | 113 | 1,4 | 75 | 0,9 |
| Félagsmálanefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu | 75 | 1,0 | 69 | 0,9 | 78 | 1,0 |
| Fjölsk-og tómstráð Vestmannaeyja | 189 | 2,5 | 192 | 2,4 | 143 | 1,8 |
| **Samtals** | **7.643** | **100,0** | **7.879** | **100,0** | **8.009** | **100,0** |

[1] Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

| Kyn | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 4.238 | 55,4 | 4.369 | 55,5 | 4.360 | 54,4 |
| Stúlkur | 3.344 | 43,8 | 3.440 | 43,7 | 3.596 | 44,9 |
| Ekki vitað[1] | 61 | 0,8 | 70 | 0,9 | 53 | 0,7 |
| Samtals | **7.643** | **100,0** | **7.879** | **100,0** | **8.009** | **100,0** |

[1] Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

| Landsvæði | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði[1] | 5.146 | 67,3 | 5.198 | 66,0 | 5.423 | 67,7 |
| Landsbyggð | 2.497 | 32,7 | 2.681 | 34,0 | 2.586 | 32,3 |
| **Samtals** | **7.643** | **100,0** | **7.879** | **100,0** | **8.009** | **100,0** |

[1] Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

| | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall*[1] | *Fjöldi* | *Hlutfall*[1] | *Fjöldi* | *Hlutfall*[1] |
| Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál) | 5.442 | 71,2 | 5.624 | 71,4 | 5.777 | 72,1 |
| Drengir | 2.914 | 53,5 | 3.040 | 54,0 | 3.045 | 52,7 |
| Stúlkur | 2.487 | 45,7 | 2.536 | 45,2 | 2.684 | 46,5 |
| Ekki vitað[2] | 41 | 0,8 | 48 | 0,8 | 48 | 0,8 |
| Þar af nýjar kannanir | 2.920 | 38,2 | 2.811 | 35,7 | 2.890 | 36,1 |
| Drengir | 1.513 | 51,8 | 1.461 | 52,0 | 1.499 | 51,9 |
| Stúlkur | 1.385 | 47,4 | 1.325 | 47,1 | 1.365 | 47,2 |
| Ekki vitað[2] | 22 | 0,8 | 25 | 0,9 | 26 | 0,9 |

[1] Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um
[2]Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Ástæður tilkynninga[1]

| **Ástæður tilkynninga** | **2016** | | **2017** | | **2018** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| **Vanræksla** | **3.675** | **39,4** | **3.817** | **38,3** | **4.223** | **41,5** |
| *Drengir* | *1.945* | *20,9* | *2.031* | *20,4* | *2.186* | *21,5* |
| *Stúlkur* | *1.730* | *18,6* | *1.786* | *17,9* | *2.037* | *20,0* |
| Líkamleg vanræksla | 233 | 2,5 | 234 | 2,3 | 214 | 2,1 |
| *Drengir* | *139* | *1,5* | *156* | *1,6* | *116* | *1,1* |
| *Stúlkur* | *94* | *1,0* | *78* | *0,8* | *98* | *1,0* |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 3.066 | 32,9 | 3.273 | 32,8 | 3.592 | 35,3 |
| *Drengir* | *1.612* | *17,3* | *1.712* | *17,2* | *1.849* | *18,2* |
| *Stúlkur* | *1.454* | *15,6* | *1.561* | *15,7* | *1.743* | *17,1* |
| Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu | 1.008 | 10,8 | 1.231 | 12,3 | 1.403 | 13,8 |
| *Drengir* | *511* | *5,5* | *630* | *6,3* | *708* | *7,0* |
| *Stúlkur* | *497* | *5,3* | *601* | *6,0* | *695* | *6,8* |
| Vanræksla varðandi nám | 235 | 2,5 | 178 | 1,8 | 217 | 2,1 |
| *Drengir* | *131* | *1,4* | *97* | *1,0* | *132* | *1,3* |
| *Stúlkur* | *104* | *1,1* | *81* | *0,8* | *85* | *0,8* |
| Tilfinningaleg vanræksla | *347* | 3,7 | *279* | 2,8 | *329* | 3,2 |
| *Drengir* | *186* | *2,0* | *160* | *1,6* | *165* | *1,6* |
| *Stúlkur* | *161* | *1,7* | *119* | *1,2* | *164* | *1,6* |
| | | | | | | |
| **Ofbeldi** | **2.639** | **28,3** | **2.777** | **27,8** | **2.581** | **25,4** |
| *Drengir* | *1.280* | *13,7* | *1.314* | *13,2* | *1.251* | *12,3* |
| *Stúlkur* | *1.359* | *14,6* | *1.463* | *14,7* | *1.330* | *13,1* |
| Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi | 1.648 | 17,7 | 1.682 | 16,9 | 1.577 | 15,5 |
| *Drengir* | *833* | *8,9* | *843* | *8,5* | *785* | *7,7* |
| *Stúlkur* | *815* | *8,7* | *839* | *8,4* | *792* | *7,8* |
| þar af heimilisofbeldi | 807 | 8,7 | 840 | 8,4 | 744 | 7,3 |
| *Drengir* | *409* | *4,4* | *419* | *4,2* | *357* | *3,5* |
| *Stúlkur* | *398* | *4,3* | *421* | *4,2* | *387* | *3,8* |
| Líkamlegt ofbeldi | 572 | 6,1 | 682 | 6,8 | 609 | 6,0 |
| *Drengir* | *320* | *3,4* | *376* | *3,8* | *355* | *3,5* |
| *Stúlkur* | *252* | *2,7* | *306* | *3,1* | *254* | *2,5* |
| Kynferðislegt ofbeldi | 452 | 4,9 | 453 | 4,5 | 451 | 4,4 |
| *Drengir* | *132* | *1,4* | *117* | *1,2* | *149* | *1,5* |
| *Stúlkur* | *320* | *3,4* | *336* | *3,4* | *302* | *3,0* |
| | | | | | | |
| | | | | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Áhættuhegðun barna** | **2.921** | **31,4** | **3.286** | **32,9** | **3.256** | **32,0** |
| *Drengir* | *1.911* | *20,5* | 2.146 | 21,5 | 2.042 | 20,1 |
| *Stúlkur* | 1.010 | 10,8 | *1.140* | *11,4* | *1.214* | *11,9* |
| Neysla barns á vímuefnum | *578* | *6,2* | 553 | 5,5 | 594 | 5,8 |
| *Drengir* | *329* | *3,5* | *323* | *3,2* | *348* | *3,4* |
| *Stúlkur* | 249 | 2,7 | *230* | *2,3* | *246* | *2,4* |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | *1.065* | *11,4* | 1.271 | 12,7 | 1.296 | 12,7 |
| *Drengir* | *624* | *6,7* | *713* | *7,1* | *658* | *6,5* |
| *Stúlkur* | 441 | 4,7 | *558* | *5,6* | *638* | *6,3* |
| Afbrot barns | *689* | *7,4* | 809 | 8,1 | 640 | 6,3 |
| *Drengir* | *513* | *5,5* | *605* | *6,1* | *473* | *4,7* |
| *Stúlkur* | 176 | 1,9 | *204* | *2,0* | *167* | *1,6* |
| Barn beitir ofbeldi | *461* | *4,9* | 500 | 5,0 | 543 | 5,3 |
| *Drengir* | *374* | *4,0* | *422* | *4,2* | *451* | *4,4* |
| *Stúlkur* | 87 | 0,9 | *78* | *0,8* | *92* | *0,9* |
| Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | *228* | *2,4* | 249 | 2,5 | 264 | 2,6 |
| *Drengir* | *132* | *1,4* | *151* | *1,5* | *160* | *1,6* |
| *Stúlkur* | 96 | 1,0 | *98* | *1,0* | *104* | *1,0* |
| **Heilsa eða líf ófædds barns í hættu** | **83** | **0,9** | **93** | **0,9** | **117** | **1,1** |
| **Tilkynningar alls** | **9.318** | **100,0** | **9.973** | **100,0** | **10.177** | **100,0** |
| **Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu**[2] | **530** | **100,0** | **421** | **100,0** | **515** | **100,0** |
| *Drengir* | *264* | *49,8* | 218 | 51,8 | 250 | 48,5 |
| *Stúlkur* | *266* | *50,2* | *191* | *45,4* | *253* | *49,1* |
| *Ekki vitað*[3] | *0* | *0,0* | *12* | *2,8* | *12* | *2,3* |

[1]Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

[2]Að mati tilkynnanda

[3]Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna




## Tilkynnendur

| Tilkynnendur | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnið sjálft | 55 | 0,6 | 77 | 0,8 | 52 | 0,5 |
| Ættingjar barns aðrir en foreldrar | 452 | 4,8 | 495 | 5,0 | 551 | 5,4 |
| Nágrannar | 616 | 6,6 | 592 | 5,9 | 672 | 6,6 |
| Önnur barnaverndarnefnd | 182 | 2,0 | 181 | 1,8 | 119 | 1,2 |
| Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu | 233 | 2,5 | 250 | 2,5 | 252 | 2,5 |
| Lögregla | 4.087 | 43,9 | 4.272 | 42,8 | 4.320 | 42,4 |
| Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr. | 1.175 | 12,6 | 1.238 | 12,4 | 1.348 | 13,2 |
| Leikskóli/gæsluforeldri | 265 | 2,8 | 221 | 2,2 | 222 | 2,2 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 863 | 9,3 | 1.016 | 10,2 | 1.023 | 10,1 |
| Foreldrar barns | 730 | 7,8 | 744 | 7,5 | 828 | 8,1 |
| Aðrir | 660 | 7,1 | 887 | 8,9 | 790 | 7,8 |
| **Samtals** | **9.318** | **100,0** | **9.973** | **100,0** | **10.177** | **100,0** |

# Umsóknir um meðferð

## Tegund meðferðar

| Tegund meðferðar | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Stuðlar | 38 | 24,5 | 36 | 23,4 | 39 | 22,4 |
| Önnur meðferðarheimili* | 26 | 16,8 | 26 | 16,9 | 19 | 10,9 |
| MST | 91 | 58,7 | 92 | 59,7 | 116 | 66,7 |
| **Samtals** | **155** | **100,0** | **154** | **100,0** | **174** | **100,0** |

***** Laugaland, Lækjarbakki og Háholt (Háholt lokaði um mitt ár 2017)

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 60 | 38,7 | 65 | 42,2 | 57 | 32,8 |
| Nágrenni Reykjavíkur[1] | 47 | 30,3 | 48 | 31,2 | 54 | 31,0 |
| Landsbyggð | 48 | 31,0 | 41 | 26,6 | 63 | 36,2 |
| **Samtals** | **155** | **100,0** | **154** | **100,0** | **174** | **100,0** |

[1]Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna

| Kyn | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 89 | 57,4 | 94 | 61,0 | 107 | 61,5 |
| Stúlkur | 66 | 42,6 | 60 | 39,0 | 67 | 38,5 |
| **Samtals** | **155** | **100,0** | **154** | **100,0** | **174** | **100,0** |

# Beiðnir um fósturheimili

## Tegund fósturs

| Tegund fósturs | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Tímabundið | 93 | 62,4 | 122 | 71,3 | 67 | 55,8 |
| Varanlegt | 32 | 21,5 | 28 | 16,4 | 28 | 23,3 |
| Styrkt | 24 | 16,1 | 21 | 12,3 | 25 | 20,8 |
| **Samtals** | **149** | **100,0** | **171** | **100,0** | **120** | **100,0** |

## Beiðnir eftir landsvæði

| Landsvæði | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 55 | 36,9 | 67 | 39,2 | 36 | 30,0 |
| Nágrenni Reykjavíkur[1] | 41 | 27,5 | 40 | 23,4 | 37 | 30,8 |
| Landsbyggð | 53 | 35,6 | 64 | 37,4 | 47 | 39,2 |
| **Samtals** | **149** | **100,0** | **171** | **100,0** | **120** | **100,0** |

[1]Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna

| Kyn | 2016 | | 2017 | | 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 80 | 53,7 | 94 | 55,0 | 64 | 53,3 |
| Stúlkur | 69 | 46,3 | 77 | 45,0 | 56 | 46,7 |
| **Samtals** | **149** | **100,0** | **171** | **100,0** | **120** | **100,0** |

# Þjónusta í Barnahúsi

## Þjónusta í Barnahúsi

| | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| Rannsóknarviðtöl | 235 | 233 | 236 |
| a. Skýrslutökur[1] | 116 | 117 | 128 |
| Vegna kynferðislegs ofbeldis | 60 | 70 | 85 |
| Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi ofbeldis | 56 | 47 | 43 |
| b. Könnunarviðtöl | 119 | 116 | 108 |
| Þar af við fylgdarlaus börn[2] | 17 | 13 | 3 |
| Þar af við hælisleitandi börn í fylgd forsjáraðila[3] | - | 7 | 0 |
| Greiningar- og meðferðarviðtöl | 134 | 134 | 108 |
| Læknisskoðanir | 13 | 8 | 12 |

[1] Skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi hófust í mars 2015. Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í einu tilviki á árinu 2017 og á árinu 2018 til þess að taka skýrslu af barni.
[2] Skýrslutökur vegna vegalausra barna hófust á árinu 2016

## Kyn barna í Barnahúsi[1]

| **Kyn** | **2016** | | **2017** | | **2018** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 96 | 40,9 | 79 | 33,9 | 100 | 42,4 |
| Stúlkur | 139 | 59,1 | 154 | 66,1 | 136 | 57,6 |
| **Samtals** | **235** | **100,0** | **233** | **100,0** | **236** | **100,0** |

[1] Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

# Lokuð deild á Stuðlum

## Lokuð deild á Stuðlum[1]

| | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* |
| Fjöldi vistana | 227 | 211 | 226 |
| Vistunardagar: 25. eða 31. gr.bvl. | 1.329 | 1.349 | 1.180 |
| Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 | 0 | 148 | 0 |
| Fjöldi einstaklinga | 99 | 86 | 83 |

## Kyn barna á lokaðri deild á Stuðlum

| **Kyn** | **2016** | | **2017** | | **2018** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 60 | 60,6 | 54 | 62,8 | 49 | 59,0 |
| Stúlkur | 39 | 39,4 | 32 | 37,2 | 34 | 41,0 |
| **Samtals** | **99** | **100,0** | **86** | **100,0** | **83** | **100,0** |

# Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

## Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

| **Hvaðan koma umsóknir?** | **2016** | | **2017** | | **2018** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík og nágrenni[1] | 39 | 51,3 | 34 | 56,7 | 39 | 54,2 |
| Vesturland | 7 | 9,2 | 4 | 6,7 | 8 | 11,1 |
| Vestfirðir | 1 | 1,3 | 0 | 0,0 | 2 | 2,8 |
| Norðurland | 12 | 15,8 | 4 | 6,7 | 6 | 8,3 |
| Austurland | 1 | 1,3 | 2 | 3,3 | 6 | 8,3 |
| Suðurland | 11 | 14,5 | 10 | 16,7 | 9 | 12,5 |
| Reykjanes | 3 | 4,0 | 5 | 8,3 | 2 | 2,8 |
| Fólk búsett erlendis | 2 | 2,6 | 1 | 1,7 | 0 | 0,0 |
| **Samtals** | **76** | **100,0** | **60** | **100,0** | **72** | **100,0** |

[1]Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.